

# Litla hafpulsan – Gjöf til Reykjavíkurborgar

Tillaga til Reykjavíkurborgar / Innkaupanefndar Listasafns Reykjavíkur



# Litla hafpulsan

## Um verkið:

Skúlptúrin, *Litla hafpulsan*, eftir Steinunni Gunnlaugsdóttur, var afhjúpaður í Tjörninni í Reykjavík haustið 2018 og stóð þar fram yfir fullveldisafmælið, 1. desember það sama ár.

Skúlptúrin var hluti af Listahátíðinni Cycle sem fram fór í Kópavogi, Reykjavík og Þingvöllum. Litla hafpulsan var framlag listamannsins til 100 fullveldisafmæli Íslands.

Verkið vakti mikla athygli borgarbúa sem og á fréttu- og samfélagsmiðlum hérlendis sem og erlendis. Fjöldmargir borgarþáttar höfðu samband við listamanninn og hvöttu hana til að fá leyfi fyrir varanlegri uppsetningu verksins í Tjörninni.

## Gjöf til Reykjavíkurborgar:

Því er hér lögð fyrir beiðni til Reykjavíkurborgar og innkaupanefndar Listasafns Reykjavíkur um að fá að gefa Reykjavíkurborg nýtt eintak af Litlu hafpulsunni til varanlegrar uppsetningar í Reykjavíkurtjörn.

Hugmyndin er að nýja eintakið af verkinu yrði afhent borginni til uppsetningar á þessu ári. Val á endanlegri staðsetningu í Tjörninni yrði í höndum Listasafns Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar í samstarfi við listamanninn.

Listakonan stendur straum af kostnaði við gerð verksins.

## Upplýsingar um stærð og efnivið:

Skúlptúrin er 2.2 m á hæð og 1.5 m á breidd, þar sem hann er breiðastur. Hann yrði endurgerður í brons eða steinsteypu og málaður eða litaður með sem endingarbestri aðferð. Lokaákvöðrun um efnisval fer eftir hvaða efni hefur lengsta endingu miðavið aðstæður og leitast verður eftir því að halda viðhaldi í lágmarki.

Festingar og stöpull undir verkið væri skynsamlegt að hanna í samstarfi við borgina.

## Hvað er framundan hjá Litlu hafpulsunni:

Litla hafpulsan verður afhjúpuð í Kaupmannahöfn á þessu ári, nánar tiltekið í Peblinge Sø.

Nánar um hugmyndina á bak við verkið:

Verkið, *Litla hafpulsan*, er framlag listamannsins til 100 ára fullveldisafmælis Íslands árið 2018. Skúlptúrinn er samruni lítillar hafmeyju og pulsu og er útkoman hnarreist pulsa með tignarlegan sporð sem situr á brauðbolli. Með verkinu sækir listakonan fanga í menningararf beggja hluthafandi þjóða, Íslands og Danmerkur: Litlu hafmeyjuna eftir H.C. Andersen sem og sameiginlegan þjóðarrétt, pulsuna. Verkið má túlka sem sameiginlega sjálfsmynd af íslenska fullveldinu og danska konungsríkinu. Í því sjást tengsl þjóðanna tveggja fyrr og síðar, menningarleg- og stjórnarfarsleg – sem og hugmyndir þeirra um sjálf sig.





